

AFLIÐ
samtök gegn
kynferðis- og
heimilisofbeldi

Ársskýrsla

2010

Viðtöl

Einkaviðtöl ársins, þar með talin símaviðtöl, voru 324 talsins og hafa aldrei verið fleiri. Aukningin nú er 23,5% á milli ára. Þó er ekki eins mikil aukning nú eins og árið 2008 þegar þau fóru úr 147 árið 2007 í 285 árið 2008.

Nýir einstaklingar fyrir árið 2009 voru alls:

- Konur 13
- Karlmenn 2
- Aðstandendur 8 konur og 6 karlar

Símtöl

Þau símaviðtöl sem flokkast undir einkaviðtöl voru x talsins. Það er þó fyrir utan hundruðir fyrirspurnar sem bárust símleiðis frá öllu landinu. Síminn er opinn allan sólarhringinn alla daga ársins.

Námskeið, málþing og heimsóknir

Stjórnarkonur okkar og leiðbeinendur sátu ekki auðum höndum þetta árið. Þær öfluðu sér aukinnar þekkingar og menntunar í gegnum eftirfarandi námskeið og málþing .

Í mars voru Stígamót með ráðstefnu er bar heitir Nauðganir og viðbrögð samfélagsins við þeim.

Í apríl var ráðstefna á Akureyri er hét Þögul þjáning.

Í september fóru tvær starfskonur okkar á leiðbeinendanámskeið hjá Stígamótum Í október fórum við á Samnorræna ráðstefnu um kynbundið ofbeldi.

Sjálfs hjálparhópar

.

Heimsóknir

Margir góðir gestir kíktu í vöflur til okkar á árinu, má þar konur frá Kvenfélaginu Hlíf, Zonta og Soroptimismar. Námsráðgjafara og skólahjúkrunarkonur kíktu líka á okkur, Lögreglan og frambjóðendur. Í október vorum við með opið hús og komu um 30 manns í heimsókn og hlustuðu á fyrirlestur hjá henni Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur, rithöfundu.

Í október ákváðum við að prófa að vera með opið hús klukkutíma á dag, og gerðum það út nóvember. Það voru ekki margir sem nýttu sér það, en þeir sem komu fannst þetta notalegt.

Styrktarhljómleikar

Þann 4ja nóvember fóru fram okkar árlegu styrktartónleikar í Akureyrarkirkju. Fjöldi listamanna gáfu þar vinnu sína, en fram komu; Bryndís Ásmundsdóttir, Rúnar Eff, Heimir Ingimarsson, Óskar Pétursson, Karlakór Akureyrar – Geysir og Kirkjukór Gleráarkirkju. Hljóðkerfaleiga Akureyrar lánuðu okkur allar græjur og Trausti M Ingólfsson sá um að allt hljómaði rétt og vel.

Mæting var að vonum góð og er þessi árlegi viðburður orðinn fastur viðburður í lífi margar. Það er yndislegt að finna hlýhug allra sem komu að tónleikunum og segjast allir vilja vera með að ári.

Bíladagar

Aflið var með aukavakt og viðbúnað á Bíladögum, og er það orðið árvissst hjá okkur

Verslunarmannahelgin

Að venju voru Afiskonur með aukavaktir um verslunarmannahelgina og svo gangandi vaktir. Það að vera sýnilegar í sérmerktum vestum vekur athygli og eru margir sem gefa sig á tal við okkur og vilja fræðast um okkur og jafnvel segja okkur sögu sína.

Fræðsla og kynningarstarf

Við fórum með fyrirlestra á ýmsa staði á árinu og hefur eftirspurnin verið að aukast sem er gott, bendir til aukinnar umræðu í þjóðfélaginu og að fólk vill vita og fræðast um þessi málefni, hvað sé hægt að gera í sambandi við forvarnir og þessháttar.

Starfsmaður

Guðrún Þórsdóttir, starfsmaður okkar lét af störfum um áramót. Þökkum við henni kærlega fyrir gott samstarf, við lærðum mikið af henni og hún vonandi af okkur. Óskum við henni velfarnaðar á nýjum vettfangi.

Fjármál

Á árinu var undirritaður samningur við Akureyrarbæ er gildir til 4ja ára. Þetta er fyrsti samningur sem vitað er um, sem gerður er við samtök sem þessi.

Inni í þessum samningi felst m.a. aukið samstarf við ýmsar deildir Akureyrarbæjar, auk þess fær Aflið ákveðna upphæð á árinu sem er frábært.

Aflið skuldbindur sig að fara með forvarnarfyrirlestra í grunnskóla Akureyrarbæjar.

Í október var haldið konukvöld í Vín til styrktar Afliinu og mættu þar á annaðhundrað (held ég) konur og skemmtu sér hið besta og styrktu gott málefni í leiðinni.

Eins var sala á Kynjagleraunum í október um allt land og fékk Aflið þá upphæð er safnaðist hér á Akureyri.

Fjármál frh.

Styrkir ársins.

Tekjur ársins voru kr.

Inneign í lok árs var því kr..

Styrkir

Akureyrarbær	750.000	Leikfélag Akureyrar v/2007	128.500
Brim	50.000	Lionsklúbburinn Hængur	25.000
Dalvíkurbyggð	60.000	Norðurorka	20.000
Eining löja	50.000	Raforka	20.000
Fjallabyggð	30.000	Ríkissjóður Íslands	2.500.000
Grýtubakkahreppur	10.000	Saga Capital	50.000
Húnavatnshreppur	30.000	Skagabyggð	10.000
Hörgárbyggð	10.000	Slippurinn	50.000
KEA	150.000	Styrkir einstaklinga	121.737

Kvenfélag Hríseyjar	50.000	Svalbarðstrandahreppur	25.000
LC	70.000	Sveitarfélagið Skagafjörður	100.000
		Þingeyjarsveit	50.000
		Styrkir alls	4.360.237

	<u>Gjöld</u>	<u>Tekjur</u>
Fært frá fyrra ári		118.922
Styrkir alls		4.360.237
Fjármagnstekjuskattur/Innvextir	4.705	45.047
Sími	80.293	
Auglýsingar	206.140	
Símavaktir	165.000	
Skrifstofa og almennur rekstur	233.618	
Handleiðsla	196.000	
Sjálfsþjálfun	960.000	
Fyrirlestrar	114.000	
Kynningarstarf	196.506	
Styrktartónleikar	61.253	152.000
Verslunarmannahelgin	48.000	
Einkaviðtöl	624.000	
Laun	1.215.000	
Launatengd gjöld	254.526	
Námskeið	237.520	
Alls	<u>4.596.561</u>	<u>4.676.206</u>

Handleiðsla

Valgerður Bjarnadóttir félagsráðgjafi hefur frá því í lok árs 2008 sinnt handleiðslu fyrir starfskonur Afslins. Þessi handleiðsla er mikilvæg fyrir andlega endunýjun starfskvenna þar sem mikið og stanslaust áreiti er á þær.

Ný stjórn

Uppgjör ársins

Greinilegt er að eftirspurn eftir þjónustu Afslins eykst stöðugt. Með 14% aukningu í einkaviðtölum milli ára og aukinn fjöldi sem vill komast í sjálfsþjálfun sést að starfsemi félagsins er mikilvæg nú sem aldrei fyrr. Aflið hefur mætt þessari aukningu með því að fjölga leiðbeinendum og hvatt alla leiðbeinendur sína til að sækja sem flest námskeið og málþing sem tengjast okkar starfsvettvangi.

Einnig er töluverð aukning í eftirspurn eftir aðstoð Afslkvenna við þolendur á neyðarmóttöku Sjúkrahúss Akureyrar og við aðstoð vegna kærufarla á Lögreglustöð. Öll þjónusta við þolendur kynferðis- og/eða heimilisofbeldis og aðstandendur þeirra er

þeim að kostnaðarlausu og skiptir það því miklu máli að félagið naut góðvildar sveitarfélaga, ríkisins, einstaklinga og fyrirtækja sem styrktu félagið rausnarlega.

Stjórn Aflsins

Stjórn Aflsins skipa eftirfarandi konur:

- Anna María Hjálmarsdóttir - formaður
- Sæunn Guðmundsdóttir - formaður
- Sara Hlín Jónsdóttir - gjaldkeri
- Viktoría Jóhannsdóttir - meðstjórnandi
- Jóhanna Guðný Birnudóttir - meðstjórnandi